



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 7. október 2015

**Varðar: Þingskjal 8 – 8. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar framlögðu frumvarpi með breytingum og vísar til umsagnar sem gefin var 31. mars 2015 um sama mál.

Með kveðju,  
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

**Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis**

b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, ritara nefndasviðs Alþingis  
skrifstofu Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðandi:** Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágu og endurgreiðslur til íþróttafélaga), 8. mál.

*Reykjavík, 8. október 2015.*

Ágætu nefndarmenn,

Knattspyrnusamband Íslands ítrekar áður sent álit sitt, dagsett þann 26. mars 2015.

Vinsamlegast hafið sambandi við undirritaða ef frekari upplýsinga er þörf.

Með kveðju,

f.h. KSÍ,



Klara Bjartmarz,

framkvæmdastjóri.



Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. október 2015  
R2015090044/12.8.4

### Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 8. mál, þskj. 8.

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst þann 24. september 2015 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lagt til að þjónustu- og vörusala sem stunduð er til að afla fjár til að standa undir kjarnastarfsemi íþróttafélaga verði undanþegin virðisaukaskatti og jafnframt er lagt til að tímabundið skuli endurgreiða íþrótt- og ungmennafélögum þann virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið af vinnu manna við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald o.fl. vegna íþróttamannvirkja.

Frumvarpið var áður lagt fram á 144. löggjafarþingi (411. mál) og af því tilefni áréttaði ríkisskattstjóri það sem fram kom í umsögn um þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á 143. löggjafarþingi. Ríkisskattstjóri leyfir sér að ítreka áður framkomna umsögn þar sem eftirfarandi kemur fram:

*„Undanþágur samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 taka aðeins til virðisaukaskatts af sölu eða afhendingar á þeirri þjónustu sem þar um getur en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. ákvæði 4. mgr. 2. gr. laganna. Þá nær undanþága eingöngu til sölu á þeirri þjónustu sem undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. falla en ekki til vörusölu enda fæli annað í sér samkeppnisröskun.*

*Íþróttastarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Undanþágan hefur verið talin taka til sölu íþróttafélaga á aðstöðu til æfinga og iðkunar íþróttar (félagsgjöld/æfingagjöld). Undanþágan nær einnig til aðgangseyris að íþróttamótum og íþróttasýningum. Íþróttafélög eru þó virðisaukaskattsskyld að því er varðar sölu þeirra á vörum og þjónustu og vörum í samkeppni við atvinnufyrirtæki, t.a.m. vegna auglýsingasölu, útgáfustarfsemi og veitingastarfsemi, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni.*

*Sömu meginsjónarmið gilda þannig um allar þær undanþágur sem falla undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Það er álit ríkisskattstjóra að forðast beri að kljúfa eitt undanþáguákvæði frá öðrum með því að búa til sérreglu um það. Frávik sem þessi auka enn flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts sem næg eru fyrir. Þá getur hættan á misnotkun og mistökum aukist og þar með gert allt eftirlit torveldara. Einnig ber ávallt að hafa í huga að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð. Enn fremur þykir ríkisskattstjóra rétt að benda á að ekki er ólíklegt að aðrir aðilar, sem undir undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. heyra, muni fylgja í kjölfarið og fara fram á sams konar*

breytingar sér til handa. Í þessu sambandi er vakin sérstök athygli á því að ef virðisaukaskattur af efniskaupum yrði endurgreiddur samkvæmt tillögunni fæli það í sér réttindi umfram það sem aðrir þeir njóta sem óskattskyldir eru samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, þ.m.t. íbúðareigendur vegna vinnu við íbúðar- eða frístundahúsnæði.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á að hinn 21. febrúar 2014 kynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið að búið væri að stofna stýrihóp sem hefði yfirumsjón með gagngerrri endurskoðun á vörugjalda- og virðisaukaskattskerfunum. Er þeim starfshóp m.a. ætlað að leggja til grundvallar við endurskoðunina að skattstofn virðisaukaskatts verði breikkaður en í því felst væntanlega fækkun undanþága frá skattskyldu og endurgreiðslu. Framkomin tillaga myndi ganga gegn þessari stefnumiðun og er tæplega tímabær við þessar aðstæður. Þá skal bent á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands kemur m.a. fram að gerð verði á kjörtímabilinu úttekt á skattkerfinu og skattkerfisbreytingum undanfarinna ára og lagðar fram tillögur til úrbóta með það að markmiði m.a. að einfalda skattkerfið og breikka skattstofna og jafnframt að neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir og vörugjöld endurskoðuð.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á að einhvers misskilnings virðist gæta um það í þingsályktunartillögunni að íþróttafélög hafi heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við byggingu íþróttamannvirkja á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða nr. XV við lög nr. 50/1988, á þeim grundvelli að um frístundahúsnæði sé að ræða. Á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins hefur verið sett reglugerð nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði auk annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er fjallað um frístundahúsnæði og er ákvæðið svohljóðandi:

„Með frístundahúsnæði samkvæmt 1. gr. er átt við frístundahúsnæði eins og það er skilgreint í 2. gr. laga nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, enda sé það skráð sem frístundahúsnæði hjá Fasteignaskrá Íslands. Eigendur frístundahúsnæðis fá því aðeins virðisaukaskatt endurgreiddan á grundvelli þessarar reglugerðar að hann hafi ekki fengist endurgreiddur í formi innskatts, sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.“

Hugtakið frístundahúsnæði er skilgreint í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilvitnaðra laga nr. 75/2008, með svofelldum hætti:

„Frístundahús: Hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Mannvirki sem stendur á lóð fyrir frístundahús, svo sem geymsla, en er ekki samtengt frístundahúsi, er hluti hússins í skilningi laga þessara. Þó teljast eftirfarandi mannvirki ekki frístundahús í skilningi laga þessara: fjallaskálar, gangnamannaskálar, aðstöðuhús, neyðarskýli, kofar og önnur slík mannvirki utan þéttbýlis. Enn fremur teljast hús og önnur mannvirki, sem standa á landi sem fellur utan 3. tölul., ekki frístundahús í skilningi laga þessara.“


Ekki verður séð að heimild íþróttafélaga til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna byggingar íþróttamannvirkja verði byggð á því að um sé að ræða frístundahúsnæði. Í

*Þessu sambandi skal þess getið að samkvæmt 3. mgr. framangreinds ákvæðis til bráðabirgða nær ákvæði 1. mgr. þess jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga. Íþróttafélög geta því ekki byggt heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli þessa ákvæðis. Slik endurgreiðsla kæmi þá og því aðeins til álita að um sé að ræða húsnæði í eigu sveitarfélags eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu þess og tekur samkvæmt orðanna hljóðan til húsnæðis í eigu þessara aðila en ekki mannvirkja almennt.*

*Með vísan til framangreinds getur ríkisskattstjóri ekki mælt með þeim tillögum sem fram koma í þingsályktunartillögunni.*

Ríkisskattstjóri áréttar það meginmál og þau efnisatriði sem fram koma í tilvitnaðir umsögn embættisins og vekur jafnframt athygli á því að reglugerð nr. 440/2009 er úr gildi fallin.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

**Minnisblað****Frá: Ríkisskattstjóra****Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis****Dags.: 31. mars 2016****Efni: Upplýsingar um álagningu virðisaukaskatts á íþrótt-, æskulýðs- og ungmennafélög.**

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hinn 16. mars 2016 um frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (undanþága og endurgreiðslur), sbr. þskj. 8 – 8. mál, gerðu fulltrúar ríkisskattstjóri nánari grein fyrir umsögn embættisins um frumvarpið, sem dags. er 1. október 2015. Á fundinum kom fram beiðni um að ríkisskattstjóri tæki saman fyrir nefndina tölulegar upplýsingar sem gætu varpað ljósi á mögulegt tekjutap ríkissjóðs ef frumvarpið yrði að lögum.

Í 1. gr. frv. er lögð til sú breyting á 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 að þjónustusala og vörusala íþrótt- og æskulýðsfélaga verði undanþegin virðisaukaskatti en í 2. gr. frv. er lagt til að sömu aðilum og að auki ungmennafélögum verði heimilud tímabundið 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af framkvæmdum við íþróttamannvirki sem og af efniskaupum til slíkra framkvæmda – óháð eignaraðild að því er virðist.

Þær upplýsingar sem ríkisskattstjóri býr yfir í þessu sambandi lúta einkum að álagningu virðisaukaskatts á íþrótt- og æskulýðsfélög samkvæmt innsendum virðisaukaskattsskýrslum þeirra. Í álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna frv. þess er varð að lögum nr. 124/2014 (144. löggj.þing 2014-2015. Þskj. 620 – 2. mál), þ.e. í þeim kafla álitsins er varðar orðalagsbreytingu á 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, kemur fram að undanþága þess ákvæðis taki til hvernar þeirrar íþróttar sem stunduð er innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og jafnframt til Skáksambands Íslands og Bridgesambands Íslands. Samkvæmt upplýsingum á vef Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, isi.is, eru eftirtalin sérsambönd innan vébanda þess:

Akstursíþróttasamband Íslands  
Badmintonsamband Íslands  
Blaksamband Íslands Íslands  
Borðtennissamband Íslands  
Dansíþróttasamband Íslands  
Fimleikasamband Íslands  
Frjálsíþróttasamband Íslands  
Glímusamband Íslands  
Golfsamband Íslands  
Handknattleikssamband Íslands  
Hjólreiðasamband Íslands  
Hnefaleikasamband Íslands  
Íshökkísamband Íslands  
Íþróttasamband fatlaðra  
Júdósamband Íslands  
Karatesamband Íslands

Keilusamband Íslands  
Knattspyrnusamband Íslands  
Kraftlyftingasamband Íslands  
Körfuknattleikssamband Íslands  
Landssamband hestamannafélaga  
Lyftingasamband Íslands  
Mótorhjóla- og sjósleðasamband Íslands  
Siglingasamband Íslands  
Skautasamband Íslands  
Skíðasamband Íslands  
Skotíþróttasamband Íslands  
Skylmingasamband Íslands  
Sundsamband Íslands  
Taekwondosamband Íslands  
Tennissamband Íslands

Samkvæmt grunnskrá virðisaukaskatts eru nú 107 aðilar sem telja má að fallið geti undir hugtökin íþróttá-, ungmenna- eða æskulýðsfélag. Ungmennafélög eru að vísu ekki talin í 1. gr. frv. en eru aftur á móti talin í 2. gr. frv. og eru þess vegna einnig talin með hér.

Þeim til viðbótar eru á skrá einkahlutafélag sem skv. samþykktum sínum ber að ráðstafa hagnaði sínum til tiltekins íþróttafélags og foreldrafélag sem gera má ráð fyrir að annist fjáröflun fyrir viðkomandi íþróttafélag með sölu virðisaukaskattsskyldrar vöru eða þjónustu. Fáein skátafélög eru skráð á grunnskrá virðisaukaskatts, m.a. vegna útleigu á tjaldsvæðum. Einnig eru á skrá örfá félög sem virðast ekki eiga aðild að framangreindum samtökum (t.d. klifur, sjóstangveiði) en eru engu að síður talin með.

Fram talin skattskyld velta framangreindra aðila, sem eru 120 talsins, nam á árinu 2015 1.006.373.140 kr. en fram talinn og álagður virðisaukaskattur nam 94.537.957 kr. Má því búast við að verði 1. gr. frv. að lögum gæti tekjutap ríkissjóðs í formi virðisaukaskatts orðið á bilinu 95-100 milljónir króna á árinu 2016 og næstu árum. Sú fjárhæð gæti þó orðið hærri þegar frá líður því eins og fram kom af hálfu fulltrúa ríkisskattstjóra á framangreindum fundi gætu áhrifin af 1. gr. frv. m.a. orðið þau að fleiri aðilar en nú feli íþróttafélögum t.d. að annast viðburði með veitingum og aðra starfsemi án innheimtu virðisaukaskatts sem mundi óhjákvæmilega raska samkeppni við virðisaukaskattsskylda aðila í sams konar starfsemi.


Framsetning á texta ákvæðis 1. gr. frv. hefur enn fremur áhrif á mat á mögulegu tekjutapi ríkissjóðs þar sem skilyrt er að undanþágan taki til sölu sem stunduð er í því skyni að afla fjár til að standa undir kjarnastarfsemi þeirra félaga sem um ræðir í ákvæðinu. Upp geta komið álitamál um, hvort og hvenær fjáröflun tengist með óvefengjanlegum hætti til þess þáttar í starfsemi slíkra félaga að ótvírætt sé að um kjarnastarfsemi er að ræða gagnvart annarri starfsemi, sé hún samhliða stunduð í einhverju umfangi. Þá er tekið fram í greininni að undanþágan taki til þjónustu og vörusölu en síðar í greininni kemur fram orðalagið „sala varnings“. Til samanburðar um hugtakanotkun skal bent á að undir skattskyldusvið virðisaukaskattslaga skv. 2. gr. þeirra falla vörur, verðmæti, vinna og þjónusta að frátalinni þeirri vinnu og þjónustu sem tæmandi er talin í 3. mgr. 2. gr. laganna.

Rétt er að taka fram að til viðbótar þeim fáeinu skátafélögum sem skráð eru á grunnskrá virðisaukaskatts eru þar einnig nokkrar hjálparsevitir skáta vegna m.a. flugeldasölu sem og björgunarsveitir innan vébanda Landsbjargar. Björgunarsveitir njóta nú þegar ívilnunar í formi endurgreiðslna á virðisaukaskatti af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, sbr. 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Álagning virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi hjálparseita skáta og annarra björgunarsveita er ekki með talin í framangreindri fjárhæð.


Þá skal undirstrikað að ógjörningur er að áætla mögulegt tekjutap ríkissjóðs verði 2. gr. frv. að lögum því ekki er unnt að áætla fjölda þeirra sem sækja myndu um slíka heimild eða fjárhæðir í því sambandi. Þá er ekki unnt að bera slíkar endurgreiðslur saman við endurgreiðslur vegna íbúðarhúsnæðis annars vegar vegna þess að gert er ráð fyrir skv. tillögunni að endurgreiðslur taki einnig til efnis sem ekki er heimilt vegna íbúðarhúsnæðis en hins vegar vegna þess að um ólík mannvirki er að ræða. Einnig er skv. 1. másl. 2. gr. frv. gert ráð fyrir að endurgreiðsluheimildin taki til íþróttamannvirkja, óháð eignaraðild, sem geta þar að auki verið mismunandi eftir því

hvers konar íþrótt þar er stunduð. Loks skal bent á að skilgreining þeirra mannvirkja sem um ræðir skv. greininni er ekki fyllilega ljós þar sem í 1. másl. hennar eru orðin „íþróttamannvirki“ og „húsnæði“ notuð að því er virðist í sömu merkingu en á þessum tveimur hugtökum er mikill merkingarmunur.

Að lokum skal bent á að íþróttafélög og aðrir þeir aðilar sem 1. gr. frv. varðar eru skráningarskyldir á grunnskrá virðisaukaskatts skv. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1993 að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Inntak ákvæðis 1. gr. frv. og staðsetning í 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga er þannig ekki í samræmi við uppbyggingu og meginreglur laganna sem verður að telja óheppilega – auk þess sem að framan greinir, sbr. og umsögn ríkisskattstjóra um ofangreint frv., dags. 1. október 2015.



Ingvar J Rögnvaldsson



Óskar H Albertsson



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. október 2015

**Efni: Endurskoðun á virðisaukaskattumhverfi íþróttahreyfingarinnar, 8. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál. SA sendi inn umsögn um frumvarp sama efnis sem lagt var fram á 144. löggjafarþingi (411. mál). Eftirfarandi umsögn er samhljóma þeirri umsögn.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkisins. Í fjárlagafrumvarpi 2016 eru tekjur ríkissjóðs af VSK áætlaðar 186,5 ma.kr. af 646,5 ma.kr. skatttekjum eða 28,8%. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn.

Samtök atvinnulífsins hafa beitt sér fyrir þeirri stefnu að skattkerfið sé sem einfaldast og almennast. Í ljósi þeirrar stefnumörkunar telja SA að breytingar sem fela í sér stækkun skattstofna og lækkun hlutfalla vera skynsamlegar. SA hafa þannig fylgt þeirri stefnu að stefna bæri að lækkun virðisaukaskatts og einföldun innheimtu hans með einu almennu skattþrepi, en geldur varhug við að hreyfa við skattlagningu einstakra þjónustu- og vörflokka eins og hér er lagt til.

Sé vilji til að styðja betur við íþróttahreyfinguna, líkt og markmið frumvarpsins stefnir að, þá telja SA aðrar leiðir heppilegri, t.d. með hækkun á beinu framlagi á fjárlögum.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að umrætt frumvarp nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason

8.10.2015

Efnahags- og viðskiptanefnd

Siglingasamband Íslands gerir eftirfarandi athugasemdri við frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr.50/1988 á 145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 8 — 8. mál.

Athugasemdir eru gerðar við bráðabirgða ákvæði í 2. gr.

Nú er mismunaandi hver greiðir fyrir framkvæmdir hjá íþróttafélögum í flestum tilfellum eru það sveitafélög og því mun aðeins lítil hluti VSK fást endurgreiddur. Sama gildir um viðhald enda eru íþróttahús mörg hver í eigu sveitafélaganna. Fæst íþróttafélög standa í byggingaframkæmdum og mörg hver eins og siglinar og róður fara fram utanhúss.

Búnaður og tæki eru það sem flest íþróttafélög fjárfesta í og þar greiða þau fullan virðisaukaskatt. Sá skattur hækkar rekstarkostnað félaganna um 25%. Þetta á sérstaklega við um íþróttir sem kalla á dýrann búnað eins og siglingar. Kostnaður við að stunda íþróttir er margfalt hærri hér á landi þar sem VSK leggst einnig á notaðann búnað sem fluttur er til landsins. Nýlega dæmi um innflutning á notuðum keppnisbátum sýndu að hingað komnir með gjöldum og kostnaði höfðu bátarnir hækkað um 60% eða úr 500.000, ÍKR í rúmar 800.000,- ÍKR.

Einnig vekur athygli hversu skammur gildistími bráðabirgða ákvæðis laganna er. Það má ljóst vera að það ákvæði mun aðeins ná til þeirra örfáu íþróttafélaga sem ákveðið hafa að hefja framkvæmdir á næsta ári. .

Eins og frumvarpið er framsett er því óljóst hvort nokkur hagur sé af því nema fyrir örfá félög sem standa í framkvæmdum á eigin kostnað á næsta ári. Afar lítil hagur er af þessu frumvarpi fyrir aðildarfélög Siglingasambands Íslands þar sem ekki er tekið til helsta útgjaldaliðs félaganna sem eru kaup og viðhalda á búnaði.

Fyrir hönd Siglingasambands Íslands

Úlfur H. Hróbjartsson  
Formaður Siglingasambands Íslands

Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Íceland  
Tél: +354 514 4210  
Web: silsport.is

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 21. október 2015

### Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (8. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið kveður á um að endurgreiða skuli íþróttta- og ungmennafélögum virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið vegna byggingar íþróttamannvirkja, bæði af vinnu og efniskaupum. Þá er lagt til að þjónusta og vörusala sem stunduð er til að afla fjár til að standa undir kjarnastarfsemi íþróttafélaga verði undanþegnar virðisaukaskatti. Frumvarp þetta var einnig lagt fram á 144. Löggjafarþingi (411. mál) og skilaði Viðskiptaráð samhljóða umsögn um það þingmál.<sup>1</sup>

Þjóðhagslegt mikilvægi íþróttahreyfingarinnar er óumdeilt og færa má rök fyrir því að hið opinbera eigi að styðja við hana með einhverjum hætti. Viðskiptaráð er þó almennt mótfallið auknum undanþágum frá greiðslu virðisaukaskatts. Íslenska virðisaukaskattkerfið er óskilvirkt og innheimtuhlutfall hérlendis er vel undir meðaltali OECD ríkja.<sup>2</sup> Það orsakast af miklu umfangi undanþága og því að margir veigamiklir vöru- og þjónustuflokkar falla undir lægra skattþrep, sem veldur því að hið almenna þrep skattsins hækkar (mynd 1).

**Mynd 1:** Mikið umfang undanþága og starfsemi í lægra þrepi virðisaukaskatts hækkar almenna þrepið og dregur þar með úr skilvirkni




<sup>1</sup> Umsögnina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/endurgreidsla-virdisaukaskatts-til-ithrotta-og-ungmennafelaga/>

<sup>2</sup> Sjá nánar í skýrslu OECD (2012), Consumption Tax Trends 2012: VAT/GST and Excise Rates, Trends and Administration Issues

Í dag er almennt þrep virðisaukaskatts á Íslandi 24%. Þó að skatthlutfallið hafi verið lækkað úr 25,5% er það enn hátt í samanburði við það sem gerist innan OECD. Svo hátt hlutfall virðisaukaskatts orsakar svokallað *velferðartap* (e. deadweight loss) sem lýsir sér í minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap hefur í för með sér tekjutap fyrir hið opinbera og það vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst (mynd 2).<sup>3</sup>

**Mynd 2:** Velferðartap vegna neysluskatta stafar af minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst.



Heimildir: Mankiw (2003); Viðskiptaráð Íslands

Auk velferðartaps fylgir undanþágum á borð við endurgreiðslu virðisaukaskatts umsýsla, sem leiðir til aukins kostnaðar við framfylgni laganna. Með einfaldara skattkerfi má takmarka kostnað í stjórnarsýslu og atvinnulífi og þar með tryggja betur hag neytenda.

Að mati Viðskiptaráðs er nauðsynlegt að einfalda skattkerfið enn frekar og auka skilvirkni þess með því að breikka skattstofn virðisaukaskatts með afnámi undanþága og sameiningu skattþrepa. Þannig mætti lækka hið almenna þrep skattsins frekar. Þessi sjónarmið koma einnig fram í tillögum verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi en hún leggur til að allar undanþágur frá virðisaukaskattkerfinu verði lagðar af eins og rúmast innan EES reglna.<sup>4</sup>

Viðskiptaráð telur ekki rétt að undanskilja íþrótt- og ungmennafélög, eða aðra hópa, þegar stefnt er að einföldun skattkerfisins. Standi vilji til þess að styrkja íþrótt- og æskulýðsfélög ætti fremur að gera það með öðrum hætti en í gegnum skattkerfið, til að mynda með beinum fjárframlögum. Þannig mætti betur tryggja upplýsta umræðu um ríkisfjármál og skilvirkni skattkerfisins.

**Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráðs Íslands

<sup>3</sup> Sjá skoðun Viðskiptaráðs (2012), Neysluskattar komnir á síðasta sölundag: [http://www.vi.is/files/2012.12.12-Skodun-neysluskattar\\_1257937347.pdf](http://www.vi.is/files/2012.12.12-Skodun-neysluskattar_1257937347.pdf)

<sup>4</sup> Sjá tillögur verkefnisstjórnarinnar: <http://samradsvettvangur.is/wp-content/uploads/2013/06/innlend-tionusta.pdf>, bls. 186.